



## Viðhorf til verkefna HANDVERKS OG HÖNNUNAR

Niðurstöður könnunar sem gerð var í janúar 2013 um viðhorf til verkefna HANDVERKS OG HÖNNUNAR og hvað ætti að leggja áherslu á næstu misseri. Könnunin var send til allra þeirra sem tekið hafa þátt í sýningum HANDVERKS OG HÖNNUNAR undanfarin 12 ár. Könnunin var send á 534 netföng þann 7. janúar og voru það 154 aðilar sem svöruðu henni eða 29% en svara þurfti fyrir 21. janúar 2013.


1. Ég starfa við handverk, listiðnað eða hönnun (eingöngu eða með öðru starfi).



2. Búseta




### 3. Ég er félagi í (merkið við allt sem við á):



Annað: Þrjú nefndu Heimilisiðnaðarfélag Íslands en önnur félög voru nefnd einu sinni: félag íslenskra vefnaðarkennara, Ullarselið, Myndlistarfélag Suðurnesja, STEF, Myndlistarfélagið, Ak., Félag íslenskra myndmenntakennara, félagi íslenskra eldsmiða, Grósku, Alpýðulist - félag handverksfólks í Skagafirði, Þjóðháttafélagið Handraðinn og Norðanvindur.

### 4. Hver af verkefnum HH finnst þér mikilvægust? (Merktu við þrjú atriði)



## 5. HANDVERK OG HÖNNUN vinnur nú að mótun nýrra og spennandi verkefna. Ert þú með hugmynd/ir sem þú vilt koma á framfæri?

Af þeim 154 sem svöruðu könnuninni voru 45 sem komu með hugmyndir/athugasemdir við þessum lið. Hér eru þær flokkaðar eftir efni.

### ERLENT SAMSTARF

- Aukið samstarf með hinum norðurlöndunum - samsýningar og vinnustofur.
- Fara með sýningu Handverks- og hönnunar sem verið hefur í Ráðhúsinu til sýninga erlendis
- Gaman væri að senda sýningar erlendis og kynna okkur þar.
- Byggja upp tengsl við svipuð samtök erlendis. Kynna erlendar sýningar sem íslenskt lista og handverksfólk getur sótt um að taka þátt í.
- Þátttaka á erlendum samsýningum/sölusýningum.
- Fara með sölusýninguna í Ráðhúsi Reykjavíkur á erlandan vettvang.
- Meira samstarf við svipuð samtök á norðurlöndum,- samsýningar - vinnustofur.
- Samsýningar erlendis
- efla þarf samstarf við norræn fagfélög
- kynning erlendis því er svo lítill markaðurinn hér

### SÝNING Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR

- Færa sýninguna úr Ráðhúsi Reykjavíkur yfir í Hörpu. Þar hafa aðrar sýningar verið með góðum árangri. Þar eru næg bílastæði og nægt pláss fyrir alla sýnendur en samt í miðbæ Reykjavíkur. Svo mætti vera leggja meiri áherslu á fjölbreytni íslenskrar hönnunar í umfjöllun og áherslum.
- Halda áfram að hlúa að og efla sýningarnar í Ráðhúsinu því þar er ólíkt handverk sýnilegt og í hávegum haft. Einstakt tækifæri til að koma íslenskri vöru á framfæri.
- Stækka þann frábæra viðburð sem sölusýning er sem hingað til hefur verið í Ráðhúsinu.
- Að Handverk og hönnun muni standa fyrir "pop up" sýningum oft á ári sem geta verið einfaldar og í smærri stíl en Ráðhússýningin en samt með miklum standard
- Færa sýningu Ráðhússins uppá hærra plan, þetta er mikið til orðin sölusýning með sömu aðilum ár eftir ár. Ég sýni ekki þar aftur út af því...finnst þetta orðið smá lame í dag.

### SÝNINGAHALD

- Fleiri þemasýningar hérlendis.
- Sýning allt árið með úrvali af völdum gripum svipað og jólasýningarnar í Aðalstræti.
- Kannski einhverjar sýningar og samstarfsverkefni þar sem hönnuðir/listamenn með ólíkan bakgrunn vinna saman að verkum.
- Leiða saman í sameiginlegt verkefni ólíka aðila t.d. leirkerasmið+eldsmið, tréskurð+vefara eða hönnuð+handverksmann af ólíkum toga.
- Að sýningahald á skörinni sé sýnanda að kostnaðarlausu.
- "handverk og hönnun" ætti að setja upp sýningar í samstarfi við handverksfólk.
- Að hafa sýningar og sölusýningar amk í hverjum fjórðungi landsins.
- Það væri gaman að fá aftur jólasýninguna og þemasýningarnar sakna ég líka

- Farandsýningar og hópar um landið
- Skipulagt sölusýningu á ferðamannatíma á ferðamannastað. Hugsanlega virkja handverks og listafólk til að taka meiri þátt í skipulagningu og undirbúningi sérstakra verkefna... t.d farandsýning um landið einhverjar helgar yfir sumarið....
- Að haldin verði sýning þar sem eingöngu er sýnt handverk sem unnið er af höfundi hugmyndar.

## FRÆÐSLA

- Já leggja áherslu á að færa gamalt handverk í kennslu og námskeið. Grjóthleðsla, sútun og þurrkun, saumaskapur hverskonar og fl.
- Það skortir kennslu á sviði hönnunar, listsköpunar og þ.h. á landsbyggðinni. Ég veit að Handverk og Hönnun hefur komið að fullt af þróunarverkefnum aðallega á sviði handverks á landsbyggðinni og finnst mér að við eigum að fara lengra í þeim málum. Ég er t.d. að hugsa um stofnun listasmiðja og listaskóla úti á landi með útibúum sem viðast (sbr. starfsemi tónlistaskólanna sem gengur mjög vel og hefur náð árangri). Handverk og Hönnun ætti tvímælalaust að koma að þessu ef af því verður
- öflug endurmenntunarnámskeið - workshop og sýningar. Fræðsluerindi.
- Ráðgjöf og fræðsla sýnilegri.
- Námskeiðahald.
- Styttri námskeið

## MARKAÐSSETNING

- Það væri gott fyrir landsbyggðarfólk að fá fleiri tækifæri til að kynna sínar vörur og hugmyndir á Reykjavíkursvæðinu. T.D. væri hugsandi að handverksfólk og hönnuðir á Reykjavíkursvæðinu sem hafa vinnustofu eða gallerí bundu bjóða til sín einhverjum af landsbyggðinni vera gestur með honum helgi eða viku til að kynna sig og þá um leið vekja ath. á þessum aðila og vinnustofu- gallerí í Reykjavík.
- Það vantar að landsbyggðarfólk fá aðstoð við að koma vörum sínum á framfæri og að það fái tækifæri til að auka þekkingu sína og færni án þess að flytjast búferlum á höfuðborgarsvæðið
- Að hægt væri að koma sínu handverki í sölu án þess að það sé 100% álagning svona eins og "beint frá býli"
- Góð sölusíða á netinu fyrir íslenska hönnuði og handverksfólk
- Ætli það sé grundvöllur fyrir því að Handverk og hönnun komi að einhverskonar samvinnurekstri hönnuða og listhandverksfólks á sölugallerí e.þ.h.?

## ANNAÐ

- Samstarfsverkefni. Þematengt
- Eitthvað á landsbyggðinni
- sameiginlegt rými þar sem handv.fólk getur verið m. vinnu og söluaðst, á sumrin eða allt árið, til að komast milliliðalaust að kúnnanum
- Það væri gaman að stefna saman ólíkum greinum í samstarfsverkefni.
- Leiða saman hönnuði og íslenska framleiðendur annars vegar og fjárfesta hins vegar. Það gæti verið á ýmsu formi. Maður á mann eins og "speed dating". Eða ráðstefna þessara aðila. Í minni sniðum gæti það verið kynningarfyrirlestrar á báða bóga. Hönnuðir að kynna hvað þeir starfa við og hvaða þjónustu þeim vantar hjá framleiðendum og öfugt.

- að búa til vettvang eða verkefni sem hvetur fólk til að vinna með endurunnið hráefni eða endurhanna vörur.
- Ekki í fljótu bragði en verður einhver vettvangur (póstkassi) þar sem hægt verður að koma þ.h.hugmyndum á framfæri þegar þær dúkka upp í framtíðinni?
- Þjóða meðlimum meira í samvinnu og skapandi verkefni hafa vinnuhópa
- Gætu til dæmis verið í samstarfi við hin ýmsu Setur sem hafa orðið til á síðustu árum. Kjörið tækifæri til að ná betur til fjölmiðla. Skipta um húsnæði þannig að það sé aðgengilegt öllum. (Fáránlegt að stofnun sem nýtur opinberra styrkja skuli halda sýningar í rými sem ekki er aðgengilegt öllum) Bækur og fleira væru mun aðgengilegri á Bókasafni sem „sérhæfði sig“ í að vera með bækur og blöð tengt listiðnaði, handverki og hönnun. Það myndi vekja meiri athygli og ná til fleira fólks. Spurning hvort HH ætti að vera með þemasýningu á sama tíma og HönnunarMars
- nýta hugmyndir eins og ferðatöskuhugmyndina sem var á menningarnótt, einnig tækifæri sem felast í því að ná til þeirra ferðamanna sem stoppa stutt (þeir sem hoppa upp í rútu).

## 6. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

Að lokum voru þátttakendur í könnuninni spurðir hvort það væri eitthvað sem þeir vildu koma á framfæri að lokum og var þar ýmislegt sem kom fram.

- Áfram! Handverk- og hönnun, þar er unnið frábært og óeigingjarnt starf.
- H&H hafa skipað stóran þátt í velgengni minni við að koma hönnun minni á framfæri. Fyrir það ber að þakka og geri ég það hér og nú! TAKK FYRIR MIG
- Ég er eigandi að Urtasmiðjunni og framleiði lífrænt vottaðar húðvörur með ísl. jurtum og hef einu sinni verið meðal sýnenda á sýningu í Ráðhúsinu. Mig langar að koma eftirfarandi á framfæri: Mér hefur fundist gæta misskilnings um að slík framleiðsla sé ekki handverk og eigi því ekki heima á þessum sýningum. Það má vel vera að það eigi við um önnur fyrirtæki sem framleiða slíkar vörur, en vörurnar frá Urtasmiðjunni eru þróaðar, hannaðar og framleiddar frá grunni hér af mér og eingöngu í höndunum, eg nota engar vélar og engir tilbúnir aðfluttir grunnar eru notaðir . Varan er því frá upphafi til enda handverk og myndi auka á fjölbreytni vöruvals á sýningunum hjá ykkur.
- Stuðla að fyrirlestraröð, sérfagleg efni eða kynning á fagfólki.
- Mér finnst að "handverk og hönnun" líti of mikið niður á þá sem starfa við handverk. Handverkfólk ætti að njóta meiri virðingar, flestir þar eru annað hvort að vinna við eigin hönnun eða bera hefðir áfram til komandi kynslóða. Það er líka mikilvægt
- Takk fyrir að fá að fylgjast með ;)
- Ef skoðuð eru meginmarkmið HogH þá mætti styrkja til muna; fræðslu (auka skilning) og kynningarstarfsemina t.d. með umræðu/blaðagrein/ráðstefnu um mismun/ólíkar nálganir á hönnun, list, handverki og listhandverki sem dæmi.
- Er mjög ánægð með ykkar tilveru !
- Er mjög ánægð með starfsemi Handverks og Hönnunar. Starfsmennirnir alveg einstakir.
- Hleypa nýjum einstaklingum að, allof mikið að þetta eru sömu aðilarnir sem komast að allstaðar. MIKIL KLÍKUGANGUR Í GANGI ÞVÍ MIÐUR. FÆRA RÁÐHÚSMARKAÐINN Í STÆRRA HÚSNÆÐI...og leyfa fleirum að komast að.

- Hefði viljað haka við fleiri atriði í lið 4.
- Að passa okkur á því að staðna ekki innan þess frábæra starf og umgjörð sem H&H hefur skapað sér og öðrum í gegnum árin - leita alltaf að nýjungum og vera leiðandi í að skipuleggja metnaðarfull verkefni, sýningar og framsæknar eða nýjar hugmyndir - sækja innblástur sem víðast...
- Þakklæti til stjórnar
- Áfram stelpur! Þið eruð flottar.
- Ég þakka Handverk og Hönnun fyrir allt sem hefur verið unnið á vegum þeirra á undanförunum árum og líka fyrir að vera alltaf tilbúin til að veitta aðstoð. Það hefur skipt mér og örugglega fleirum málið að geta leitað til ykkar og vill ég gjarnan fá að gera það aftur! Handverk og Hönnun skiptir málið!
- frábært starf hjá handverk og hönnun og frábært starfsfólk sem vonandi verður starfandi um ókomna framtíð
- Fræðslufundum eð bara hittingur þar sem eldri hönnuðir segja frá starfi sínu og kynna sig.
- Ráðhús Reykjavíkur óhentugt fyrir sýningar af þessu tagi. Rýmið einfaldlega of lítið.
- Farandsýningar um landið sem standa ákveðinn tíma á hverjum stað - eitthvað meira fyrir landsbyggðina. Gæti líka verið fræðsla um gæðahandverk og hönnun og að landssvæði móti og haldi á lofti sinni sérstöðu, þ.e.s. allir séu ekki að gera það sama t.d sömu lopapeysumynstrin og litir á lopa. Hvetja til fagmennsku og auka sérstöðu.
- fagmennska&liðlegheit er einkennandi fyrir störf Sunnevu&Fjólu og hvað vel ef haldið utan um allt sem viðkemur sýningunni í Ráðhúsi Reykjavíkur
- Færa hina árlegu sölusýningu úr Ráðhúsi Reykjavíkur vegna þrengsla
- í lið 4 hefði ég viljað merkja við fleiri en 3 atriði, nánast öll eru mikilvæg
- Þakkir fyrir gott starf á liðnum árum
- Stækka sýningarsvæði Sölusýningar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þ.e. fjölga þeim sem geta tekið þátt.
- Frábært starf er unnið í Handverk og Hönnun.
- Handverk og hönnun á hrós skilið
- bara til hamingju. það var erfitt að velja í sp. 4
- Þið hafið staðið ykkur mjög vel þrátt fyrir mikinn niðurskurð til hamingju með framhaldið. kv KH
- vildi einnig merkja við sýningar erlendis. Gott væri að fá upplýsingar og aðstoð við umsóknir fyrir erlendar sýningar. Einnig vildi ég merkja við fréttabréf á ensku. Aukinn ferðamannastraumur er staðreynd og þar liggja einnig tækifærin
- Er ekki óþarfi að gefa út prentaða bók þar sem upplýsingarnar liggja fyrir á netinu? Það er bæði umhverfisvænna og skilvirkara.
- Þakklæti og góðar kveðjur
- Handverk og hönnun hafa velt grettistaki í huglægu mati almennings um vandað handverk og frumlega hönnun á Íslandi. Þetta félag MÁ ekki deyja! Húrra fyrir ykkur!!
- Þið hafið svo mikla reynslu afgæðamati og uppsetningu sýninga á listhandverki. Það væri frábært að fá fleiri slíkar sýningar út á land. Til dæmis eina á ári í hvern landshluta, og gefa einstaklingum á svæðinu tækifæri til þess að taka þátt í sýningu með öðrum góðum listamönnum.
- Til hamingju með áframhaldið.
- Þakklæti til allra þeirra sem hafa lagt fram vinnu sína til að Handverk og Hönnun héldi velli.

- Haldið áfram á ykkar góðu braut og gangi ykkur allt í haginn!
- Til hamingju með viðbótarfjárframlagið. Frábært að eiga ykkur að hér eftir sem hingað til.
- Frábærar Sunneva og Fjóla :) Jú og ein hugmynd um að handverk og hönnun standi fyrir ýmiskonar hönnunarkerppnum á flestum sviðum handverks.
- „Nýir sópar sópa best" Með fullri virðingu fyrir öllu því góða og gagnlega sem hefur áunnist þá er vitað mál að nýjar hugmyndir og lausnir koma með nýju fólki. Hefðin er ekki alltaf farsælasta lausnin - Til dæmis eru margir orðnir þreyttir á Ráðhúsmarkaðinum og tími til kominn að skoða nýja möguleika. PopUp markaðir og minni tilkostnaður hljómar betur í mín eyru.
- Mér finnst handverkið hafa farið halloka fyrir hönnuninni. Það þarf að leggja meiri áherslu á að viðhalda handverks og efniskunnáttunni og auka virðingu frumhandgerðra muna sem gerðir eru af hugmyndasmiðnum.
- Þið hafið staðið frábærlega að þeim sýningum sem ég hef tekið þátt í.
- Þakka frábært starf og elju við að koma íslenskri hönnun og handverki á framfæri.
- Þakklæti fyrir þrotlausa baráttu í þágu handverks og hönnunar á Íslandi.
- Flott og fagmannlegt starf sem unnið er af ósérhlífni hjá Sunnevu og Fjólu og öllum þeim sem koma að starfi Handverks og hönnunar á einn eða annan hátt.
- Hvet ykkur til að gera gott starf enn betra.
- Takk fyrir mig
- ég mundi vilja taka þátt í og sjá fleiri sýningar erlendis á vegum H H
- kærar þakkir fyrir ötult starf !